

Nd.

621. Tillaga

til þingsályktunar um skipun milliþinganevndar til þess að íhuga og koma fram með tillögur um mál iðju og iðnaðar.

(Eftir fyrri umr. í Nd.).

Alþingi ályktar, að skipa skuli fimm manna milliþinganevnd til þess að íhuga og bera fram tillögur um mál iðju og iðnaðar. Ríkisstjórnin skipar nefnd-

ina þannig: Einn samkvæmt tillögum Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, annan samkvæmt tillögum Sambands íslenzkra samvinnufélaga, þriðja samkvæmt tillögum Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, fjórða samkvæmt tillögum Alþýðusambands Íslands, hinn fimmta skipar ríkisstjórnin, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndinni er einkum ætlað að inna af hendi:

- a. Að endurskoða tollalöggjöfina að því er iðju og iðnað snertir.
- b. Að athuga möguleika um aukna innlenda iðju, einkum um það, að vinna úr þeim efnum, sem til eru í landinu, og þeim vörum, sem landið sjálft framleiðir.

Nauðsynlegur kostnaður í sambandi við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.